STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2003

13. febrúar 2003 179 Nr. 84

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo: Við veiðar á úthafsrækju fyrir Norðurlandi norðan 65°30′N, milli 12°V og 18°V, og sunnan 66°45′N, milli 18°V og 20°V, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. febrúar 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

14. febrúar 2003 Nr. 85

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Borgartún 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 34-36.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Árbær, íþróttasvæði Fylkis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Fylkis í Árbæ.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Gutenberg